

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „37.397“ í 1. mgr. kemur: 46.747.
- b. Í stað „126.952“, „151.114“, „211.447“, „216.902“ í 2. mgr. kemur: 139.647, 166.226, 232.591 og 238.592.

#### 2. gr.

Í stað „1.487.463“ og „743.732“ í 1. mgr. 4. gr. reglugerðinnar kemur: 1.859.329 og 929.665.

#### 3. gr.

7. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Skuldajöfnun barnabóta.*

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsroð:

1. Fyrirframgreiddar barnabætur og ofgreiddar barnabætur.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul.
7. Virðisaukaskattur.
8. Bifreiðagjöld.
9. Þungaskattur.
10. Kílómetragjald.
11. Ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.
12. Ofgreiddar húsaleigubætur.
13. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
14. Kröfur vegna ofgreiddra barnabóta erlendis.

Sköttum og gjöldum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum, dags. 7. desember 1989, sbr. lög nr. 46/1990 og milliríkjasamnings Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum, dags. 25. janúar 1988, sbr. lög nr. 74/1996, skal skipað í framangreinda forgangsroð samhliða sambærilegum sköttum og gjöldum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 68. gr. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum og 15. gr. a. í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. apríl 2006.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

---

*Sóley Ragnarsdóttir.*